

FUNDARGERÐ

Árið 2021, miðvikudaginn 22. september kl. 11:30, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í Sölvhólsvör á 1. hæð í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, Sölvhólsgötu 7 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Guðný Sverrisdóttir formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Daníel Jakobsson, Karen E. Halldórsdóttir, Katrín Sigurjónsdóttir og Margrét Þórarinsdóttir ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Gústav Aron Gústavssyni og Hrafkatli Hjörleifssyni sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð frá 25. ágúst 2021

Lögð var fram fundargerð frá 25. ágúst 2021 til umfjöllunar og afgreiðslu.

Fundargerð frá 25. ágúst 2021 var samþykkt án athugasemda.

2. Greiðslu- og rekstraráætlun 2021

Lögð voru fram til kynningar drög að uppfærðri greiðslu- og rekstraráætlun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2021. Áætlunin byggir á forsendum um áætlaðar skatttekjur ríkissjóðs á árinu 2021, endanlegum útsvarstofni sveitarfélaga á árinu 2020 og áætluðum útsvarstofni sveitarfélaga árið 2021.

3. Greiðslu- og rekstraráætlun 2022

Lögð voru fram til kynningar drög að greiðslu- og rekstraráætlun fyrir árið 2022. Gert er ráð fyrir að áætlaðar skatttekjur ríkissjóðs verði 818,8 ma.kr., að áætlaður álagningarstofn útsvars vegna tekna 2021 verði 1.905,9 ma.kr. og að áætlaður álagningarstofn útsvars vegna tekna 2022 verði 1.950 ma.kr.

4. Þróun staðgreiðslu 2021

Lögð voru fram til kynningar þróun á staðgreiðslu sveitarfélaga fyrir mánuðina janúar til júlí, ásamt samanburði við sama tímabil og fyrra ári. Hlutdeild Jöfnunarsjóðs í staðgreiðslu útsvars er að hækka um 5,4% milli ára.

5. Endurskoðun Jöfnunarsjóðs

Farið var yfir stöðuna í starfshóp sem er að endurskoða Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Búið er að fara yfir í starfshópnum ýmsar tillögur um breytingar á tekju- og útgjaldajöfnunarframlögum og framlögum vegna lækkaðra tekna af fasteignaskatti. Rætt var um að fara betur yfir tillögurnar á næsta fundi ráðgjafarnefndar.

6. Samband íslenskra sveitarfélaga – skrifstofa í Brussel

Umsókn um framlengingu samnings 2022-2026

Lagt fyrir erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 14. september 2021, um framlengingu samkomulags um rekstur skrifstofu Sambands íslenskra sveitarfélaga í Brussel.

Skrifstofa Sambands íslenskra sveitarfélaga í Brussel hefur verið rekin með stuðningi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga frá árinu 2006 á grundvelli samnings sem hefur verið framlengdur á þriggja ára fresti. Núgildandi samkomulaga rennur úr 31. desember 2021 og er óskað eftir framlengingu á samkomulaginu. Sambandið óskar eftir að Brussel skrifstofan verði fest varanlega í sessi eða þá gera lengri samningur sem nær til fimm ára.

Eftir umræðu nefndarinnar þótti ekki ástæða til að gera ótímabundinn samning eða lengja samninginn. Samþykkti nefndin að leggja til við ráðherra framlengingu á samninginn um þrjú ár eins verið hefur sem mun gilda frá 2022-2025.

7. Landshlutasamtök sveitarfélaga

Sóknaráætlanir – tillaga að úthlutun framlaga

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 20. september 2021, um sóknaráætlun landshluta 2021. Jafnframt voru lagðar fram greinargerðir frá öllum landshlutasamtökunum um framkvæmd þeirra verkefna sem unnið er með á árinu 2021 ásamt sundurliðaðri kostnaðaráætlun.

Samþykkt var á fundi ráðgjafarnefndar þann 29. janúar sl. framlag til landshlutasamtaka að fjárhæð 41,9 m.kr. til að koma til móts við kostnað landshlutasamtakanna vegna verkefninu sóknaráætlun landshluta. Í framhaldi var óskað eftir greinargerð fyrir árið 2021 og kostnaðaráætlun.

8. Framlög í þágu farsældar barna

Lagt var fram kynningar minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 21. september 2021, um framlög til sveitarfélaga vegna samþættingar í þjónustu við börn.

Alþingi samþykkti lög um samþættingu í þágu farsældar barna þann 6. júní 2021. Lögunum er ætlað að stuðla að farsæld barna með því að tryggja snemmtækan stuðning og samþætta þjónustu. Ein nýmæli er að öll börn og foreldrar sem þurfa á þjónustu að halda hafi aðgangi að aðila sem aðstoðar þau við að fá viðeigandi þjónustu án hindrana. Í fyrsta lagi er um að ræða sérstakan tengilið sem hefur það hlutverk að veita upplýsingar og styðja við samþættingu þjónustu á fyrsta stigi. Tengiliðir verða starfrækir á heilsugæslastöðvum, leik-, grunn- og framhaldsskólum. Í öðru lagi þá er gert ráð fyrir tilnefningu málstjóra er barn þarfnast frekari stuðning en veitt er á fyrsta stigi. Hlutverk málstjóra er að veita frekari upplýsingar og ráðgjöf og leiða samþættingu þjónustu.

9. Útgjaldajöfnunarframlög 2021

Uppfærð áætlun

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að áætluðu útgjaldajöfnunarframlagi til sveitarfélaga árið 2021. Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 22. september 2021, ásamt yfirliti yfir útgjaldajöfnunarframlög.

Útgjaldajöfnunarframlög eru nú enduráætluð á grundvelli þess að hámarkstekjur sveitarfélaga hafa verið uppfærðar. Miðað er við sömu forsendur og við útreikninga tekjujöfnunarframlaga fyrir árið 2021. Þegar endanlegt tekjujöfnunarframlag 2021 liggur fyrir í lok árs verður í kjölfarið útgjaldajöfnunarframlagið enduráætlað á grundvelli þess.

Nefndin samþykkti að gera tillögu til ráðherra um enduráætluð útgjaldajöfnunarframlög 2021 á grundvelli nýrrar tekjuskerðingar.

10. Framlög vegna lækkaðra tekna af fasteignaskatti

Áætlun framlaga 2022

Lögð var fram áætlun um úthlutun á framlagi vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti á árinu 2022 ásamt þar að lútandi minnisblaði, dags. 21. september 2021.

Samkvæmt greiðslu- og rekstraráætlun sjóðsins fyrir árið 2022 nema framlög vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti 5.202,9 m.kr. á árinu. Að teknu tilliti til skuldar við verkefnið vegna fyrra árs að fjárhæð 294 m.kr. og greiðslu til Fasteignasjóðs vegna dóms Hæstaréttar að fjárhæð 50 m.kr. er áætlað fjármagn til ráðstöfunar 4.858,9 m.kr. á árinu 2022. Skv. reglugerð nr. 80/2001 um jöfnun tekjutaps sveitarfélaga vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti, skal Jöfnunarsjóður greiða sveitarfélögunum framlag fyrirfram sem nemur 60% af áætluðu framlagi ársins eða 2.915 m.kr. Útreikningur áætlaðra framlaga til sveitarfélaga er miðaður við álagningastofna sem eru í gildi á árinu 2021, með álagningarhlutfalli þess árs. Greiðslan er innt af hendi með fimm jöfnum greiðslum mánuðina febrúar til júní 2022.

Að umfjöllun lokinni samþykkti ráðgjafarnefndin að gera tillögu til ráðherra um að til úthlutunar kæmi framlag að fjárhæð 4.858,9 m.kr. á árinu 2022 til jöfnunar á tekjutapi vegna fasteignaskatts. Áætlunin tekur mið af áætluðum tekjum ríkissjóðs á árinu 2022.

11. Útgjaldajöfnunarframlög 2022

Áætlun framlaga 2022

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að áætluðu útgjaldajöfnunarframlagi til sveitarfélaga árið 2022, sbr. 14. gr. reglugerðar 1088/2018, samtals að fjárhæð 11.200 m.kr. Samkvæmt áætluninni er lagt til að úthlutað verði 10.400 m.kr. samkvæmt A-hluta. Jafnframt er áætlað að úthlutun til B-hluta framlaganna, skólaakstur úr dreifbýli, nemi 750 m.kr. á árinu 2022 og 50 m.kr. vegna akstursþjónustu fyrir fatlað fólk úr dreifbýli.

Helstu forsendur við áætlun framlaganna vegna A-hluta eru eftirfarandi:

- Áætlun um fjölda íbúa í hverju sveitarfélagi 1. júlí 2021.
- Áætlun um fjölda nýbúa í hverju sveitarfélagi 1. júlí 2021.
- Upplýsingar um fjölda þéttbýliskjarna og íbúafjölda þeirra í hverju sveitarfélagi 1. júlí 2021.
- Upplýsingar um áætlaðan fjölda íbúa sveitarfélaga 1. jan. 2019, 1. jan. 2020, 1. jan. 2021 og 1. júlí 2021 vegna íbúafækkunar- og fjölgunarframlaga.
- Hámarkstekjur í hverju sveitarfélagi eru miðaðar við forsendur frá því í september 2021 við útreikning áætlaðra tekjujöfnunarframlaga árið 2021 vegna tekjuskerðingar
- Flokkun sambærilegra sveitarfélaga á grundvelli hámarkstekjumöguleika þeirra er talin vera sem hér segir:
 - Sveitarfélög með 70.000 íbúa eða fleiri
 - Sveitarfélög með 12.000-69.999 íbúa
 - Sveitarfélög með 300-11.999 íbúa
 - Sveitarfélög með færri en 300 íbúa

Forsenda við áætlaða úthlutun framlaga vegna B-hluta er eftirfarandi:

- Upplýsingar um fjölda barna í skólaakstri úr dreifbýli og vegalengdir þess aksturs í september 2021.

Nefndin samþykkti að leggja til við ráðherra áætlun útgjaldajöfnunarframlög fyrir árið 2022 að fjárhæð 11.200.000.000 kr.

Yfirlýsing grunnskólans

12. Greiðslu- og rekstraráætlun yfirlýsing grunnskólans 2022

Lögð voru fram til kynningar uppfærð drög að greiðslu- og rekstraráætlun 2022 vegna yfirlýsing grunnskólans.

Nefndin gerði ekki athugasemdir við áætlunina.

13. Almenn grunnskólaframlög

Áætlun framlaga 2022

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að áætlaðri úthlutun almennra jöfnunarframlaga til reksturs grunnskóla á árinu 2022, skv. 3. gr. reglugerðar nr. 351/2002. Áætlaðar heildargreiðslur vegna almennra jöfnunarframlaga nema 10.765 m.kr. á árinu 2022. Við bætast áætlaðar leiðréttingar vegna uppgjörs framlaga fyrir árið 2020 að fjárhæð 60 m.kr. Áætlaðar heildargreiðslur vegna almennra jöfnunarframlaga nema því 10.825 m.kr. á árinu 2022.

Eftirfarandi forsendur eru lagðar til grundvallar við útreikning framlaganna vegna ársins 2022:

- Upplýsingar um fjölda nemenda í öllum skólum landsins miðað við september 2021.
- Upplýsingar um skólagerð.
- Upplýsingar frá Hagstofu Íslands um fjölda íbúa á aldrinum 6-15 ára í hverju sveitarfélagi. Miðað er við bráðabirgðatölur 1. júlí 2021.
- Upplýsingar frá ríkisskattstjóra um áætlaðan útsvarstofn sveitarfélaga vegna tekna 2020 og áætlun um útsvarstekjur sveitarfélaga á árinu 2021.

Að umfjöllun lokinni samþykkti ráðgjafarnefndin tillögu til ráðherra um áætlaða úthlutun almennra jöfnunarframlaga til reksturs grunnskóla á árinu 2022, samtals að fjárhæð 10.825 m.kr

Yfirlýsing málefna fatlaðs fólks

14. Greiðslu- og rekstraráætlun málefna fatlaðs fólks 2022

Lögð voru fram til kynningar drög að greiðslu- og rekstraráætlun 2022 vegna yfirlýsing málefna fatlaðs fólks.

Nefndin gerði ekki athugasemdir við áætlunina.

15. Almenn framlög vegna fatlaðs fólks

Áætlun framlaga 2022

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að fyrstu áætlun almennra framlaga vegna málefna fatlaðs fólks fyrir árið 2022, ásamt þar að lútandi minnisblaði starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 22. september 2021.

Áætlað framlag vegna málefna fatlaðs fólks vegna ársins 2022 er 19,2 m.kr., sem er hækkun um 2.000 m.kr. frá fyrra ári. Við það bætast 70 m.kr. vegna leiðréttingar á framlögum ársins 2020.

Framlögin reiknast eftir sem áður í hlutfalli við þrjár stoðir:

- Jöfnun á grunni stuðningsþarfar (88%)
- Vægi útsvars (10,75%)
- Innviðir (1,25%)

Að lokinni umfjöllun var ákveðið að leggja til við ráðherra að tillaga að 1. áætlun almennra framlaga fyrir árið 2022 með óbreyttum stuðlum að fjárhæð 19.270.000.000 kr. verði samþykkt.

16. Langtímaleigusamningar

Lagt var fram yfirlit yfir óhagstæða langtímaleigusamninga vegna ársins 2021, ásamt þar að lútandi minnisblaði, dags. 22. september 2021. Samkvæmt útreikningi reiknast níu sveitarfélög með framlag vegna 24 fasteigna með langtímaleigusamninga. Heildarframlag ársins 2021 nemur 80,26 m.kr.

Nefndin leggur til við ráðherra að áætlunin verði samþykkt..

17. Fasteignasjóður sveitarfélaga

Akraneskaupstaður

Tekið var til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá Akraneskaupstað, dags. 13.08.2021, um framlag vegna uppbyggingar Fjöliðjunnar sem er hæfingarstöð á Akranesi.

Bruni varð í húsnæðinu fyrir nokkrum árum og hefur starfsemin verið í bráðabirgðahúsnæði undanfarin ár. Nú hefur verið ákveðið að hefja uppbyggingu úrræðisins og er sótt um framlag til Jöfnunarsjóðs á grundvelli d. liðar 2. gr. reglugerðar 280/2021 um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Að lokinni umfjöllun samþykkti nefndin framlag að fjárhæð allt að 121,6 m.kr. Sem er samkvæmt viðmiðum sjóðsins um byggingarkostnað á fermeter.

Leigufélag aldraða – Akranesi

Tekið var til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá Leigufélagi aldraða hses, dags. 24.06.2021, um stofnframlag vegna byggingar 6 íbúðakjarna á Akranesi fyrir fatlað fólk. Um er að ræða hluta af framkvæmdum sem Húsnæðis- og mannvirkjastofnun styrkir og er hluti Jöfnunarsjóðs 10,1 m.kr. af því framlagi.

Að lokinni umfjöllun samþykkt nefndin framlag að fjárhæð 10,1 m.kr.

Yfirlit yfir stofnframlög HMS með kostnaðarþátttöku Fasteignasjóðs

Lagt var fram til kynningar yfirlit yfir samþykkt stofnframlög vegna sérstakra búsetuúrræði á vegum Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar. Um er að ræða samþykktir vegna 5 framkvæmda, þ.m.t. framkvæmdir á vegum Leigufélags aldraðra Akranesi, og nemur hlutur Jöfnunarsjóðs 43,7 m.kr. en hlutur ríkisins 192 m.kr.

Greiðslur úr Jöfnunarsjóði koma til við upphaf framkvæmda.

18. Umsókn um framlag vegna gæðaúttektar

Bergrísinn

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn frá Bergrísanum bs., dags. 20. ágúst 2021, þar sem sótt er um framlag vegna innra eftirlits með gæðum og þjónustu við fatlað fólk með vísan til 1. liðar 4. gr. rgl. Nr. 616/2020. Fram kemur í erindinu að úttekt á gæðum starfseminnar geri Bergrísanum kleift að vinna betur að markmiðum um gæði, öryggi, hagræðingu og framþróun þjónustunnar.

Að lokinni umfjöllun samþykkti nefndin framlag að fjárhæð allt að 9 m.kr.

19. Umsókn um rekstrar- og stjórnsýsluúttekt

Bergrísinn

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá Bergrísanum bs., dags. 23.08.2021, vegna úttektar á stjórnsýslu og rekstri vegna reksturs í málaflokki fatlaðs fólks.

Að lokinni umfjöllun samþykkti nefndin framlag að fjárhæð allt að 8 m.kr.

20. Erindi vegna barns með miklar þjónustuparfir

BsVest

Lagt var fram til umræðu erindi frá Byggðasamlagi Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks, dags. 15.09.2021, varðandi kostnað þjónustu við þunga einstaklinga og áhrif SIS mats á framlag Jöfnunarsjóðs.

Rætt var um mikilvægi þess að skoða sérstaklega þyngsta enda þjónustunnar en málþing varðandi þann enda þjónustunnar er á döfinni hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga núna í haust.

21. Ársreikningur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Lagt fram til kynningar sem drög

22. Ársfundur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Fjallað var um ársfund Jöfnunarsjóðs sem verður haldinn þann 6. október nk. kl. 16:00 á Hilton Reykjavík Nordica.

23. Næsti fundur

Ákveðið var að næstu fundur nefndarinnar verði 6. október kl. 10:00 og 5. nóvember kl. 11:30

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið 14:00

Guðný Sverrisdóttir

Ásta Stefánsdóttir

Birgir Björn Sigurjónsson

Daníel Jakobsson

Karen E. Halldórsdóttir

Katrín Sigurjónsdóttir

Margrét Þórarinsdóttir